

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

*Heysholt, deiliskipulag frístundahúsa, verslunar- og þjónustubygginga.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 19. janúar 2012, tillögu að deiliskipulagi frístundahúsa, verslunar- og þjónustubygginga í landi Heysholts, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir frístundabyggð með 24 lóðum og 48 byggingum, verslun og þjónustu á tveimur lóðum með 2 byggingum þar sem önnur lóðin verður til framtíðarþarfa svæðisins. Málsmeðferð á fyrri stigum var í samræmi við 25. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Tillagan hefur einnig hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 9. febrúar 2012.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Rúnar Guðmundsson,**  
skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.